

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 63/1956. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Lúðvík Árna Knudsen Eiríkssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Við dómpróf hefur ákærði játað hnúpl við uppskipunarvinnu í Reykjavík, en hefur eigi tilgreint nægilega einstaka hluti, er hann hafi stolið, né stund verknaðar, og eigi hafa atvik að slíkum þjófnaði verið í ljós leidd með öðrum hætti. Verður ákærði því eigi dæmdur fyrir þetta ákæruatriði, sbr. 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að fella ákvæði héraðsdómsins um refsingu á hendur ákærða fyrir nefnt hnúpl úr gildi.

Að öðru leyti er rétt að staðfesta niðurstöður héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Tómasar Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. marz 1956.

Ár 1956, mánudaginn 12. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu, kveðinn upp dómur í málinu nr. 789/1956: Ákærvaldið gegn Lúðvík Árna Knudsen Eiríks-syni, sem tekið var til dóms hinn 10. sama mánaðar.

Ákærður er Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson verkamaður, Hringbraut 43, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Laugardagskvöldið 27. nóvember s.l. ólöglega neytt áfengis í billiardstofu við Klapparstíg hér í bæ, en brot þetta telst varða við 1. mgr. 20. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. Aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember s.l. verið áberandi ölv-aður á gangi hér í miðbænum og þá brotízt inn í mjólkurbúð í Garðastræti 17 í þeim tilgangi að stela þaðan fjárverðmætum. Teljast brot þessi varða við 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga, 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 og 244. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Aðfaranótt laugardagsins 24. desember s.l. farið inn í ólæsta íbúð Geirarðs Siggeirssonar kaupmanns, Brávallagötu 4, hér í bæ, og tekið þaðan af ófrjálsu af náttborði í svefnherbergi kr. 58.400.00, er ákærði sló eign sinni á. Brot þetta telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Laugardaginn 7. janúar s.l. verið áberandi ölv-aður á Hringbraut hér í bænum. Það brot telst varða við 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga og 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

V. Mörg undanfarin ár hnuplað ýmsum varningi, t. d. barnaleikföngum, prjónapeysum og gúmmístígvélum, er hann var við upp-skipunarvinnu hér í höfninni. Teljast þessi brot varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafízt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1909 í Reykjavík, og hefur sætt þessum kærur og refsingum:

1928 2/3 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 6/12 Kærður fyrir ölvun. Málið afgreitt til dómara.

1929 8/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og 6. og 7. gr. laga nr. 51 frá 1928 með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga.

1930 7/7 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1932 7/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
- 1935 7/1 Sætt, 300 kr. sekt fyrir að stýra bifreið og vera undir áhrifum áfengis og hafa ekki öðlæzt ökuskrteini.
- 8/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. og 8. gr. laga nr. 51 frá 1928 með hliðsjón af 40. gr. hegningarlaga frá 1869.
- 1/9 Dómur, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 9/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1936 28/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað.
- 1937 2/4 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhússvinna fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51/1928 sbr. 231. gr., 4. tl., 55. gr., 63. gr. og 40. gr. hinna almennu hegningarlaga.
- 15/12 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 2ja ára betrunarhússvinna fyrir innbrotsþjófnað.
- 28/9 Árnæssýsla. Dómur, 12 mánaða betrunarhússvinna fyrir þjófnað.
- 1945 29/1 Sátt, 50 kr. sekt, 25 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og rúðubrot.

Samkvæmt eigin játningu ákærða fór hann laugardagskvöldið 26. nóvember s.l. með áfengisflösku inn í knattborðsstofu við Klapparstíg hér í bænum, en þar fer fram veitingasala. Þar dvaldi hann fram yfir lokunartíma eða fram að miðnætti og neytti þar áfengis úr flösku sinni. Varðar þetta við 20. gr., 1. mgr., áfengislaganna nr. 58/1954.

Frá knattborðsstofunni gekk ákærði alldrukkinn um götur bæjarins. Hann leitaði inngöngu í samkomuhúsið Breiðfirðingabúð, en var synjað. Þaðan gekk hann áleiðis heim vestur í bæ, en þegar kom að Garðastræti 17, braut hann rúðu í útidyrarhurð mjólkurbúðar Mjólkursamsölunnar, sem í húsinu er, opnaði síðan dyrnar og fór inn í því skyni að stela peningum, sem hann kynni að finna þar. Meðan hann var í búðinni, kom lögreglan að, og var ákærði handtekinn. Hann hafði leitað að peningum og farið í peningaskúffu í því skyni, en enga peninga fundið.

Með því að vera mjög ölvaður á gangi um götur bæjarins og með innbrotinu í mjólkurbúðina hefur ákærði gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengisлага nr. 58/1954, 7. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr.,

lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930 og 244. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur greitt kr. 250.00 í skaðabætur fyrir spell í mjólk-urbúðinni, svo sem Mjólkursamsalan hafði krafist.

Aðfaranótt síðastliðins aðfangadags jóla var ákærði ölvaður á leið heim til sín gangandi neðan úr miðbænum. Til þess að stytta sér leið fór hann inn í portið bak við hús við Ljósvallagötu og Brávallagötu. Hann staðnæmdist nálægt bakdyrum Brávallagötu og tók þá eftir því, að þær dyr voru opnar í hálfu gátt. Hann fór þá inn um þessar dyr í þeirri von að hitta einhverja manneskju, fór inn eftir gangi íbúðarinnar og kom þar að opnum dyrum mannlauss svefnherbergis. Sá hann þá peningabunka mikinn á náttborði svefnherbergisins, tók hann og gekk með hann hljóðlega út sömu leið, en skildi eftir nokkrar ávísanir, sem lágu hjá peningunum. Í íbúð þessari bjó Geirarður Siggeirsson, kaupmaður í verzluninni Eros. Hann, kona hans og dætur höfðu komið heim klukkan að ganga tvö um nóttina, og hafði Geirarður með sér þá peninga, sem inn höfðu komið í verzlunina um daginn (Þorláksmessu), en það voru kr. 58.400.00 í peningum og ávísanir að auki, þannig að heildarupphæðin var rétt um kr. 60.000.00. Þegar heim kom, fengu þau sér kaffi, og dætur hjónanna sóttu jólatrésfót niður í kjallara. Til þess þurftu þær að ganga um bakdyrnar, og er talið víst, að þær hafi gengið frá þeim ólokuðum. Síðar fóru þær að sofa, en hjónin fóru að búa um jólagjafir í stofunni. Áður hafði Geirarður lagt peningana og ávísanirnar á náttborð sitt í svefnherberginu, þar sem ljós logaði. Lét hann í grandleysi peningana vera þarna, meðan hann aðstoðaði konu sína við að búa um jólagjafirnar. Þegar hann svo kom inn í svefnherbergið aftur, voru peningarnir horfnir.

Ákærði fór heim til sín með peningana, og kveðst hann morguninn eftir hafa orðið bæði undrandi og hræddur, þegar hann sá þá, og fyrst í stað óglöggð munað, hvernig á þeim stóð. Peningana geymdi hann síðan í herbergi sínu, að svo miklu leyti sem hann eyddi þeim ekki, og þegar rannsóknarlögreglan leitaði í herbergi hans hinn 7. janúar s.l., fundust í jakkavasa ákærða í klæðaskáp kr. 31.800.00. Þegar ákærði var handtekinn sama dag, var hann með á sér kr. 1952.30. Í herbergi hans var lampi, sem hann hafði keypt fyrir hina stolnu peninga, og var honum skilað á búðarverði, kr. 490.00. Komust þannig til skila af þýfinu kr. 34.242.30. Hinum hluta þýfisins hafði ákærði eytt, m. a. til kaupa tveggja útvarpsgrammófóna, grammófónplatna og innrammaðra mynda, og hafði hann gefið sumt af þessu tveimur unglingspilt-

um, sem hann þekkti. Muni þessa tóku Geirarður og meðeigandi hans í verzluninni upp í skaðabætur, en það, sem þá vantaði á fullar bætur, kr. 14.600.00, greiddi fóstri ákærða þeim af sjálfsaflafé ákærða, en fóstri ákærða og móðir hafa haft með höndum fjárhald hans. Þar sem fullar bætur hafa þannig verið greiddar, er engra bóta krafist vegna þessa brots ákærða.

Með töku peninganna hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar lögreglan handtók ákærða síðdegis hinn 7. janúar s.l. vegna grunar um, að hann hefði framið nefndan þjófnað, var ákærði staddur á Hringbraut skammt frá heimili sínu mjög áberandi ölsaður. Hefur hann með því að vera á almannafæri í slíku ástandi gerzt brotlegur við 21. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 7. gr. sbr. 96. gr., 1. mgr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Loks hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi í mörg ár tekið þátt í hnupli við uppskipunarvinnu hér í höfninni. Eigi man hann, hvenær hann byrjaði á þessu. Litlu hefur hann hnuplað í hvert sinn, og hefur hann ýmist tekið munina úr löskuðum umbúðakössum eða beinlínis rofið umbúðakassa til að ná í varning. Minnst hann þess að hafa þannig hnuplað barnaleikföngum, þrjónapeysum og gúmmístígvélum. Muni þá, sem hann þannig hefur tekið, hefur hann ýmist notað sjálfur eða gefið, en aldrei selt. Með þessu hnupli hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dr. med. Helgi Tómasson hefur að tilhlutan dómsins rannsakað geðheilbrigði ákærða og komið að raun um, að hann sé fáviti og geðveill, en ekki geðveikur, og telur hann sennilegt, að refsing honum til handa geti borið nokkurn árangur.

Fyrir framangreind brot og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár.

Hann hefur verið í gæzluvarðhaldi síðan 8. janúar s.l., og ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að draga gæzluvarðhaldstímann með fullri dagatölu frá refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 1. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 700.00.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp dóm þenna.

Dómsorð:

Ákærði, Lúðvík Árni Knudsen Eiríksson, sæti fangelsi í eitt ár, en gæzluvarðhald hans frá 8. janúar 1956 til þessa dags komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1956.

Nr. 64/1956. Ákærvaldið (Einar Ásmundsson)

gegn

Eggert Kristjánssyni

og

Gunnari Kristni Hansen

(Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 4. október 1955 var ákærða Eggert Kristjánssyni dæmd fangelsisvist 5 mánuði, ævilöng svipting ökuleyfis og greiðsla skaðabóta, að fjárhæð kr. 37.000.00, fyrir töku á bifreiðum ófrjálsri hendi oftsinnis til aksturs, fyrir ölvun við akstur og fyrir stórfellt slys, er hann olli við slíkan akstur. Með hliðsjón af athæfi hans, því er greint var, þykir refsing hans fyrir verknað þann, sem hann nú er sóttur til sakar fyr-